

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

26. mars 1974.

Nr. 14.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102/1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A.1. 2. gr. laganna orðist þannig:

Frá línu réttvísandi norður frá Horni (66°27'4 n.br., 22°24'3 v.lgd.) að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (66°22'7 n.br., 14°31'9 v.lgd.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílar utan grunnlínu, sem dregin er frá Horni gegnum eftirgreinda punkta: Selsker (66°07'5 n.br., 21°31'2 v.lgd.), Ásbúðarrif (66°08'1 n.br., 20°11'0 v.lgd.), Siglunes (66°11'9 n.br., 18°49'9 v.lgd.), Flatey (66°10'3 n.br., 17°50'3 v.lgd.), Lágey (66°17'8 n.br., 17°06'8 v.lgd.), Rauðanúp 66°30'7 n.br., 16°32'4 v.lgd.), Rifstanga (66°32'3 n.br., 16°11'8 v.lgd.), Hraunhafnartanga (66°32,2 n.br., 16°01'5 v.lgd.), Langanes (66°22'7 n.br., 14°31'9 v.lgd.).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.